

Veiðifélag Eystri-Rangár
Móeiðarhvoll 2
861 Hvolsvöllur

Selfossi, 25. mars 2025
Tilvísun: 2503112

Opinbert velferðar- og heilbrigðiseftirlit með fiskeldi

Upplýsingar um fiskeldisstöð:

Heiti: Veiðfélag Eystri-Rangár	Kennitala: 530492-2659
Heimilisfang: Eyjarland, 806 Selfoss	Leyfisnr.: FE-1166
Stöðvarstjóri: Einar Páll Ólafsson	Dags.: 27.02.2025
Tegund fiska: Lax- Salmo salar	
Er stöðin í dreifingarbanni: Nei	Óboðað eftirlit : Já
Skilyrði uppfyllt til útgáfu heilbr. vottorða: Já	Tegund eftirlit: Reglubundið

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Berglind Helga Bergsdóttir og Wija Ariyani sérgreinaðýralæknar fóru í eftirlit að Eyjarlandi hjá Veiðifélagi Eystri-Rangár þann 27.febrúar 2025. Viðstaddur eftirlit var Einar Páll Ólafsson, stöðvarstjóri.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Smitvarnir hafa verið styrktar frá síðustu heimsókn en styrkja þarf smitvarnir ennfremur til að koma í veg fyrir sýkingar og útbreiðslu smitsjúkdóma.

I. UPPRUNI VATNS OG GÆÐAMAT:

- Uppruni vatns og frágangur inntaks - **án aths**
- Mælingar - **án aths**

II. UMHVERFI, HREINLÆTI OG SMITVARNIR:

- Smitvarnir - **Frávik**

Stöðinni er skipt í inn- og útisvæði. Þrif og sótthreinsun kerja og áhalda er framkvæmd eftir þörfum og á milli hópa. Fataskipti (búningsherbergi) er í anddyrinu.

- Sama fatnaður og skó eru notaður fyrir inni og úti svæði.
- Ekki ljóst hvar hreint svæði byrjar, þar sem gengið er í hlífðarfötum í gegnum óhreint svæði áður en komið er inn í eldisrými. við inngang eldisrýmis er þó sótthreinsibakki á gólfi. Tryggja þarf að hlífðarfatnaður og skór sem notaður er í eldisrými sé ekki notaður þar utan og skýr skil séu á milli hreins og óhreins svæðis.

- Þvottaaðstaða til handþvotta er til staðar, en er á óhreinu svæði áður en komið er í eldisrými og ólíklegt að starfsfólkið muni notað aðstöðuna þar sem vatnið kemur úr handsturtuhaus sem þarf að halda á á meðan hendur eru þvegar.
- Engin fuglanet yfir útikerjum.

Í 15.gr. reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagadýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit segir: *Eldisstöðvar skulu hannaðar með þeim hætti og þannig viðhaldið að auðvelt sé að þrifa þær og sótthreinsa reglulega. Sama gildir um ganga og vistarverur starfsfólks. Gæta skal þess að á athafnasvæði eldisstöðvar séu ekki hlutir sem auka á hættu á sjúkdómum eða valda óþrífnað.*

- **Umhirða eldisfiska - *án aths***
- **Varsla efna/lyfja- *án aths***
- **Aukaafurðir dýra – *Athugasemdir***
Nota skal rétt viðskiptaskjal þegar melta er send frá stöðinni og málinu er vísað til sérgreinadýralækna aukaafurða dýra.
- **Innra eftirlit og varsla gagna - *án aths***

III. DÝRAVELFERÐ, SJÚKDÓMAEFTIRLIT OG SÝNATÖKUR:

- **Át fiska - *án aths***
- **Þéttleiki - *án aths***
- **Helstu sjúkdómavandamál/lyfjagjafir - *án aths***
Rauðmunnaveiki, Salmon Gill Pox, PRV. Mikil afföll hafa verið í stöðinni síðustu 3 mánuði, aðallega vegna salmon gill pox í útikerjum.
- **Heilbrigði og forvarnir- *Frávik***
Stöðin er ekki með samning við dýralæknabjónustu, eins og krafa í 25 gr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 429/2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis.
- **Flutningur – *Alvarlegt frávik***
Í skýrslu nr. 39250, var gert alvarlegt frávik vegna ólögmæts flutnings seiða til Laxeyrar, þar sem Laxeyri var ekki með rekstrarleyfi. MAST hafði ekki vitneskju um starfsemi stöðvarinnar og var stöðin þar af leiðandi ekki undir opinberu heilbrigðis- og velferðareftirliti MAST. Heilbrigðisvottorð útgefið af MAST fylgdi þess vegna ekki ofangreindum flutning.

Í 20.gr. reglugerða nr. 300/2018 segir: Rekstraraðila ber að tilkynna Matvælastofnun með hæfilegum fyrirvara um allar fyrirhugaðar afhendingar á eldisdýrum milli starfsstöðva. Allur flutningur lagadýra til og frá eldisstöðvum eða lindýraræktunarsvæðum er óheimill nema að honum fylgi heilbrigðisvottorð, útgefið af sérgreinadýralækni fisksjúkdóma eða opinberum dýralækni undir hans stjórn.

➤ **Aflífun – *án aths***

➤ **AÐRAR UPPLÝSINGAR –**

Þann 13. febrúar barst tölvupóstur frá stöðvarstjóra Veiðifélags Eystri-Rangár til MAST um atvik sem átti sér stað þann 10. febrúar í seiðastöð Eystri-Rangár á Eyrarlandi þar sem um 635.000 kviðpokaseiði drápust. Atvikið átti sér stað vegna mistaka starfsmanns sem skrúfaði fyrir kalt innstreymi í klakhús, haldandi að lokinn væri fyrir innstreymi kalds vatns í A deild í eldisrými. Þetta var tilraun til að stöðva yfirflæði í geymslutanki fyrir A deild eldisrýmis. Þetta varð til þess að hitastig vatns í klakhúsi hækkaði mikið. Um 810.000 kviðpokaseiði voru í klakrými þegar atvikið átti sér stað og uppgötvaðist það um 18 klst. síðar, en um 175.000 seiði lifðu af. Samkvæmt skýrslu veiðifélagsins voru strax gerðar úrbætur til að koma í veg fyrir að atvikið endurtæki sig með því að merkja vatnsinntak fyrir allar innanhúsdeildir, þjálfun á stýringu vatnsinntöku og fjölgun starfsfólks. Veiðifélagið telur að atvikið hafi átt sér stað fyrst og fremst vegna skorts á merkingum í vatnsinntöku og óþjálfaðs starfsfólks.

Matvælastofnun lítur málið alvarlegum augum en telur ennfremur ljóst að atvikið var tilkynnt stofnunni innan eðlilegs tímafrests og að viðeigandi úrbætur voru gerðar skömmu eftir að atvikið átti sér stað. Fyrirtækinu var veitt áminning þann 11. mars 2025 frá Matvælastofnun vegna þessa máls.

Matvælastofnun kallar eftir tímasettri úrbótaáætlun og mun fylgja eftir að úrbótum hafi verið sinnt í eftirfylgnieftirliti.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í **samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar.** Andmæli berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2022.

Lagagrunnur eftirlits

Lög nr. 55/2013 um velferð dýra, og lög 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, Lög nr. 71/2008 um fiskeldi

- Reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum
- Reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi
- Reglugerð nr. 527/2017 um velferð dýra í flutningi

Reglugerð nr. 462/2021 (2016/429/EB) og viðauka I í reglugerð nr. 103/2010 (852/2004/EB)

Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar
Sérgreinadýralæknar fiskisjúkdóma



Ni Nyoman Wija Ariyani



Berglind Helga Bergsdóttir